

Ed.

520. Frumvarp til laga

um bann við töku ljósmynda og meðferð ljósmyndavéla.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er, á meðan núverandi stjórn stendur, heimilt að banna töku ljósmynda á tilteknum svæðum á landi eða í landhelgi og af tilteknum hlutum, mannvirkjum eða stöðum. Bann þetta getur bæði verið algert og vissum skilyrðum bundið.

2. gr.

Nú hefur ríkisstjórnin bannað töku ljósmynda á tilteknum svæðum, og er henni þá heimilt að mæla svo fyrir, að allir þeir, sem um þau ætla að fara með ljósmyndavélar, skuli afhenda þær þeim aðilum, sem til þess kunna að verða settir og sjá skulu um, að þær komist á leiðarenda, eða innsigla þær tryggilega, og mega aðilar þá halda vélunum í vörzlu sinni.

3. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að kveða nánar á með reglugerð um efni það, er í 1. og 2. gr. segir.

4. gr.

Ef maður raskar innsigli á ljósmyndavél, sbr. 2. gr., þá varðar það við 113. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19 12. febr. 1940.

Brot á öðrum ákvæðum laga þessara varða sektum eða varðhaldi, ef miklar sakir eru.

Ljósmyndavélar, sem notaðar eru eða farið er með andstætt fyrirmælum laga þessara, má gera upptækar með dómi.

5. gr.

Mál út af brotum á lögum þessum sæta meðferð opinberra mála.